

Milljarðar í íþróttastyrki

● Til stendur að styrkja íþróttastarf með milljarða framlagi ● Styrkir vegna launa, reksturs og tekjufalls ● Menntamálaráðherra vill að íþróttafélögin verði „í lagi“ þegar veirufaraldrinum lýkur

Viðar Guðjónsson
vidar@mbl.is

Ríkisstjórnin hefur samþykkt tvo af þremur liðum í áætlun um að koma til móts við íþrótt- og æskulýðsstarf í landinu. Þegar hefur verið ákveðið að veita styrki upp á 970 milljónir króna og í burðarlöndum eru einnig tekjufallsstyrkir. Af þeim styrkjum sem þegar er búið að samþykka eru 470 milljónir króna sem eiga að koma til móts við rekstrarútgjöld íþróttafélaga. Þá hefur einnig verið ákveðið að veita íþróttafélögum stuðning vegna launaútgjalda, sem Ásmundur Einar Daðason, barna- og félagsmálaráðherra, hefur þegar kynnt, upp á 500 milljónir króna að lágmarki.

Í vor voru 500 milljónir króna veittar til æskulýðsfélaga. Í því tilvikri úthlutaði ÍSI um

500 milljónum króna í almennar og sértaekar aðgerðir til æskulýðsfélaga.

Tekjufallsstyrkir stærsti hlutinn

Verið er að leggja lokahönd á útfærslu tekjufallsstyrkja. Er þeim ætlað að koma til móts við tekjufall sem hlotist hefur af Covid-19-faraldrinum. Er þá m.a. vísað í samkomutakmarkanir sem hafa komið í veg fyrir eðlilega starfsemi félaganna og tekjuöflun þar með. Á það meðal annars við um miðasölu vegna kappleikja svo dæmi sé nefnt.

Ekki liggur fyrir heildarupphæð vegna tekjufallsstyrkjanna en samkvæmt heimildum Morgunblaðsins er um talsverða upphæð að ræða. Lætur nærri að heildarupphæð launa-, rekstrar- og tekjufallsstyrkjanna hlapi á nærri tveimur milljörðum króna. Í heild munu



Morgunblaðið/Egbert

Íþróttir fullorönnna Gert er ráð fyrir því að félög með fulloröna iðkendur geti sótt um styrk.

Því beinir styrkir til æskulýðs- og íþróttafélaga nema um 2,5 milljörðum króna á árinu.

Á einnig við um íþróttir fullorönnna

Er því munurinn á aðgerðunum nú og þeim sem voru í vor sá að styrkir ná ekki einöngungu utan um barna- og unglingastarf heldur geta íþrótt- og æskulýðsfélög sem hafa starfsemi í meistaraflokki, eða fyrir fulloröna, sótt um styrki til að bæta sér upp tekjufall.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir að tilgangur styrkjanna sé að standa vörð um íþróttastarf í landinu. „Hugmyndafraeðin gengur út á að gera heldur meira en minna þannig að þegar við komum út úr þessu þá verði íþróttafélögin í lagi,“ segir Lilja.

Þú íþróttafélögin eru „gimsteinar“ » 10

Íþróttafélögin eru „gimsteinar“

● Menntamálaráðherra segir að ekki hafi komið til greina að styðja ekki íþróttafélög ● Styrkveitingin til marks um skyldu hennar sem íþróttamálaráðherra

Viðar Guðjónsson
vidar@mbl.is

„Íþróttafélögin eru algjörir gimsteinar og við erum mjög stolt af þeim. Það var aldrei að fara að gerast á okkar vakt að við myndum ekki styðja við þau. Öll ríkisstjórnin er sammála um það,“ segir Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

Hún segir að Covid-áætlun stjórnvalda gangi út á að gera meira frekar en minna. „Við erum að nota góða stöðu ríkissjóðs til þess að koma okkur í gegnum þetta,“ segir Lilja.



Lilja Alfreðsdóttir

Mun hún ásamt Ásmundi Einari Daðasyni, félags- og barnamálaráðherra, á næstunni kynna aðgerðir um styrkveitingar til íþrótt- og æskulýðsstarfs í landinu. Munu styrkveitingarnar vera í formi launa-, rekstrar- og tekjufallsstyrkja. Gera má ráð fyrir því að heildarupphæð styrkja nemi allt að tveimur milljörðum króna.

Þá er ótalin tæpur milljarður króna sem ríkisstjórnin veitti til fristundastyrkja sem til þessa hafa al-farið verið á könnu sveitarfélaga. „Við höfum alla burði til að ná utan um þennan vanda sem hefur komið upp innan íþróttahreyfingarinnar,“ segir Lilja. Visar hún til þess hve stada ríkissjóðs sé góð og það gefi



Morgunblaðið/Kristinn

Fimleikar Styrkveitingarnar eru hugsaðar til stuðnings við íþróttafélögin í landinu. Gera má ráð fyrir allt að tveggja milljarða króna framlagi frá ríkinu til málaflöksins. Styrkveitingin nær til launa, reksturs og tekjufalls.

það svigrúm sem þurfi til þess að geta farið í aðgerðir af þessu tagi.

Halda starfseminni gangandi

Hún segir að meðal annars sé með þessari styrkveitingu komið til móts þá sem hafa orðið af tekjum vegna þess að æfingagjöld fellu niður í kjölfar þess að æfingar barna og unglinga voru bannaðar, sem hluti af sóttvarnaaðgerðum yfirvalda. „Við eru passa upp á það að við náum að

halda starfsemi íþróttafélaganna gangandi þrátt fyrir sóttvarnaáðstafanir og þá þurfum við að styðja svona við bakið á þeim,“ segir Lilja.

Fremst á meðal jafningja

Hún segir að íþróttahreyfingin hafi kallað eftir þessu framlagi. „Þetta eru stærstu heildarsamtök á landinu og iðkendur eru nærri 100 þúsund. Við erum að gera rosalega vel á Íslandi með þessu skipulagða

íþróttastarfi okkar. Ég vil meina að við séum fremst á meðal jafningja á Norðurlöndunum hvað það varðar,“ segir Lilja og nefnir þau mannvirki sem byggð hafa verið upp máli sínu til stuðnings. „Þess vegna tel ég það skyldu mína sem íþróttamálaráðherra að styðja við hreyfinguna með þessum hætti. Samhliða að sjá til þess að það sé ekkert barn sem geti ekki stundað skipulagt íþróttastarf í kjölfar Covid,“ segir Lilja.